

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Föstudaginn 12. maí, 2006 - Aðsent efni

Á að skilja landsbyggðina eftir?



Valgerður
Sverrisdóttir

Eftir Valgerði Sverrisdóttur: "Ef við ætlum ekki atvinnulífi á landsbyggðinni að dragast aftur úr annarri atvinnustarfsemi þurfum við að efla tengsl þess við háskólastarfsemi, rannsóknarstofnanir og tæknipróun. Það gerum við með því að sameina Bygðastofnun annarri atvinnuþróunarstarfsemi í landinu."

FRUMVÖRÐ til laga um nýskipan atvinnuþróunarmála bíða afgreiðslu Alþingis. Því miður hefur umræða um efni málsins helst snúið að minni háttar atriðum en lítið um hugmyndafræðina sem að baki býr. Kannski er því þannig farið um of mörg mál sem til umfjöllunar eru hverju sinni. Með þeirri nýskipan, sem ríkisstjórnin hyggst koma á, er leitast við að vinna að formlegri stefnumótun í atvinnuþróun, sem nái til allra ráðuneyta sem þar koma að. Þetta á að gera með því að útvíkka starfsemi Vísinda- og tækniráðs og fela nýju Vísinda- og nýsköpunarráði það hlutverk. Stefnumótun er eitt þeirra tækja sem fyrirtæki á almennum markaði hafa árum saman notað við og reynt hefur verið að innleiða í auknum mæli í opinberum rekstri. Á stundum hefur þótt vanta að stjórnvöld mótuðu formlega stefnu, sem stofnanir og ráðuneyti ættu að styðjast við í starfsemi sinni. Þetta á við um atvinnuþróun og nú er gerð tillaga um að bæta úr því.

Tími til kominn að tengja

Það sem snýr að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytum birtist í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun. Mest hefur verið fjallað um fyrirhugaða sameiningu stofnana, hvar höfuðstöðvar eigi að vera o.s.frv. Meginefni frumvarpsins snýr hins vegar að því að tengja saman háskólastarfsemi, rannsóknarstofnanir, atvinnulíf og stjórnvöld. Það á m.a. að gera í Þekkingarsetrum sem víðast um landið, þar sem verði háskólakennsla, rannsóknarstarfsemi, atvinnuþróunarráðgjöf, frumkvöðlasetur og í einhverjum tilfellum verði þar tæknigarðar. Þetta er sú leið sem flestar þjóðir, sem við teljum okkur vera í samkeppni við, hafa farið. Skýrasta dæmið er Finnland, þar sem fyrir um 15 árum var ákveðið að byggja framtíðina á þekkingargreinum. Þá var í landinu mikið atvinnuleysi og lögðu stjórnvöld mikla fjármuni í að byggja upp háskóla og tæknigarða. Við alla háskóla Finnlands eru nú starfrækt Þekkingarsetur (Center of Expertise). Það má einnig finna fyrirmyndir í Noregi, Írlandi, Skotlandi, Englandi, Hollandi og víðar. Hlutverk stjórnvalda í

Þessum löndum felst í því að skapa skilyrði og aðstæður fyrir atvinnulíf, háskóla og rannsóknarstofnanir til að vinna saman að þróun nýrra atvinnutækifæra.

Hvert viljum við fara?

Helstu efasemdir sem fram hafa komið um fyrrgreint frumvarp felast í þeirri skoðun að ekki eigi að setja saman í eina stofnun Bygðastofnun og rannsóknarstofnanirnar tvær, lðntæknistofnun og Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Er það helst rökstutt með því að halda eigi byggðamálunum aðgreindum frá öðru. Þessi sjónarmið verða að teljast algerlega úr takti við það sem gerst hefur meðal þeirra þjóða sem við eigum í samkeppni við. Bygðastuðningur, sem eingöngu felst í því að varðveita þau störf og fyrirtæki sem fyrir eru í hverju byggðarlagi, hefur hvergi skilað tilætluðum árangri. Slíkar aðgerðir eru alls ekki til þess fallnar að auka samkeppnishæfni svæða og standa því ekki undir bættum lífskjörum almennings. Þá hefur einnig gætt þess misskilnings að Bygðastofnun fari að öllu eða mestu leyti með framkvæmd byggðaaðgerða stjórnvalda og því falli starfsemin illa að hinum stofnununum tveimur. Stjórnvöld reyna að jafna lífskjör og búsetuskilyrði í landinu með ýmsum aðgerðum. Þar má nefna jöfnunarsjóð sveitarfélaga, niðurgreiðslu til húshitunar, ýmsar samgöngubætur og fleira. Bygðastofnun fer að sjálfsögðu ekki með þessi verkefni. Hlutverk Bygðastofnunar er fyrst og fremst það að hafa áhrif á þróun atvinnulífs á landsbyggðinni. Í fyrrgreindu frumvarpi er verið að horfa til nýskipunar atvinnuþróunar og því fullkomlega eðlilegt að Bygðastofnun verði hluti af nýrri stofnun. Það gilda algerlega sömu sjónarmið varðandi þróun atvinnulífs á landsbyggðinni og í þéttbýli. Ef við ætlum ekki atvinnulífi á landsbyggðinni að dragast aftur úr annarri atvinnustarfsemi þurfum við að efla tengsl þess við háskólastarfsemi, rannsóknarstofnanir og tækniþróun. Það gerum við með því að sameina Bygðastofnun annarri atvinnuþróunarstarfsemi í landinu.

Hlutverk stjórnvalda í atvinnuþróun

Stöku þingmaður hefur komið á framfæri þeim skoðunum að stjórnvöld eigi einfaldlega að hætta allri aðkomu að atvinnuþróun. Sú aðkoma væri dæmd til að mistakast. Í þessu sambandi er mikilvægt að skilgreina vel í hverju aðkoma hins opinbera á að vera. Samkvæmt þeim hugmyndum sem birtast í fyrirbyggjandi frumvörpum er hlutverk stjórnvalda fyrst og fremst að skapa aðstæður fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki að þróast. Með því er átt við að til verði verðmætari störf meðal íslenskra fyrirtækja en þau sem fyrir eru, sem muni skila sér í bættum lífskjörum almennings. Það réttlætir aðkomu hins opinbera, t.a.m. með stuðningi við grunnrannsóknir, sem annars væru ekki stundaðar í fyrirtækjum af þeim krafti sem þjóðfélaginu er nauðsynlegt. Auknar rannsóknir geta farið fram í opinberum rannsóknarstofnunum, hjá háskólum, í þekkingarsetrum og hjá fyrirtækjum með stuðningi úr samkeppnissjóðum sem sífellt eru að styrkjast. Meginatriðið er að hið opinbera hvetji til sköpunar starfa í fyrirtækjum þar sem byggt er á þeirri þekkingu sem til staðar er og á styrkleikum hvers byggðasvæðis fyrir sig. Í því sambandi er mikilvægt að styðja við staðbundna atvinnuþróun og horfa þá sérstaklega til atvinnuþróunarfélaga og uppbyggingar Þekkingarsetra. Það er því alveg ljóst að stjórnvöld hafa miklu hlutverki að gegna í atvinnuþróun hér á landi, líkt og í öllum löndum sem við berum okkur saman við. Að öðrum kosti munum við dragast aftur úr hvað varðar lífsgæði almennings.

Höfundur er iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Slóð: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1081708

Skoðað: 2010-02-20 15:56

© mbl.is/Árvakur hf